

**Ed.**

## 245. Frumvarp til laga

[129. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

### 1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. janúar 1967:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur .....	72.82%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands .....	17.06%
3. Til Fiskimálasjóðs .....	5.86%
4. Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins .....	1.16%
5. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips .....	1.52%
6. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna .....	0.79%
7. Til samtaka sjómanna samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur .....	0.79%

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi samkvæmt 2. gr. laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1967.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### Um 1. gr.

Í frumvarpi því, er hér er lagt fram, eru ráðgerðar breytingar á skiptingu tekna af útflutningsgjaldi. Með þeim breytingum er samtökum sjómanna tryggð sama hlutdeild af útflutningsgjaldi og Landssamband íslenskra útvegsmanna nýtur, en hún er nú 0.8% af útflutningsgjaldi. Breytingar þessar, sem eru í samræmi við yfirlýsingu, er sjávarútvegsmálaráðherra gaf Alþingi á s. l. vetri, eru gerðar vegna eindreginnar kröfu frá samtökum sjómanna um jafnháa fjárhæð af útflutningsgjaldi til sinna þarfa og Landssamband íslenskra útvegsmanna fær af gjaldinu. Hin nýja hlutdeild sjómannasamtakanna er reiknuð út á þann hátt, að hlutdeild annarra þeirra, er tekna njóta af útflutningsgjaldi lækkar hlutfallslega.

#### Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

### Um ákvæði til bráðabirgða.

Sökum hins mikla verðfalls, sem orðið hefur á loðnumjöli og loðnulýsi frá síðustu loðnuvertíð, hrekkur verðmæti þessara afurða ekki fyrir algjörum lágmarks-kostnaði við veiðarnar og vinnslu aflans, nema útflutningsgjald af afurðunum verði gefið eftir.

Samkvæmt þeim útreikningum, sem oddamaður yfirnefndar verðlagsráðs við ákvörðun loðnuverðs á komandi vertíð hefur lagt fram, nemur algjör lágmarks-kostnaður við að gera út báta á loðnuveiðar, fremur en að leggja þeim, um 40 aurum á hvert kg veiddrar loðnu, og er þá miðað við reynslu bátaflotans af loðnuveiðum síðasta árs. Tilsvarendi lágmark kostnaðar við bræðsluna er 55 aurar á hvert kg

hráefnis. Til viðbótar kemur kostnaður við akstur frá skipshlið að verksmiðjuþró, 5 aurar á hvert kg. Afurðaverðmætið þarf því að nema kr. 1.00 á hvert kg hráefnis, svo að svari lágmarki kostnaðar við að veiða og vinna loðnuna.

Til samanburðar skal tekið fram, að heildarkostnaður, að meðtöldum öllum föstum kostnaðarliðum, er ekki breytast með úthaldstíma báta eða vinnslutíma verksmiðja, mundi samkvæmt framlögðum áætlunum beggja aðila nema kr. 1.51 eyri á hvert kg hráefnis, einnig að meðtöldum aksturskostnaði.

Afurðaverðmæti nemur samkvæmt áætlun kaupenda 87 aurum á hvert kg hráefnis. Eftirgjöf útflutningsgjaldsins nemur á sama grundvelli 6 aurum á hvert kg, þannig að eftirgjöf þess mundi hækka áætlun afurðaverðmætisins upp í 93 aura á hvert kg hráefnis.

Með tilliti til þess mikilvægis, sem veiðar og vinnsla loðnunnar getur haft fyrir þá, er þann atvinnuveg stunda, er lagt til að á yfirstandandi ári verði fellt niður útflutningsgjald á loðnumjöli og loðnulýsi, en í nágildandi lögum er gjald þetta 6% af f.o.b. verðmæti.